

Fundargerð 133. fundar

fræðslumálanefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 9. júní kl. 11:30 kom fræðslumálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálum, sem ritaði fundargerð.

Anna Birna Snæbjörnsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna - 2101061SA

Frumvarp til laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna er í lokameðferð alþingis. Sameiginlegur fundur fræðslu- og félagsmálanefnda sambandsins ræddi innleiðingu væntanlegra laga. María Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur, fóru yfir helstu áherslur sambandsins og mikilvægi samhljóms meðal sveitarfélaganna þegar kemur að innleiðingu. Fram kom að jöfnunarsjóður fær það verkefni að úttdeila fjármunum sem fylgja munu. Í nokkrum sveitarfélögum er þegar hafin samþættingarvinna þvert á svið og mikilvægt að önnur svf. geti hagnýtt góðar fyrirmyndir. Þá þarf að undirstrika kröfur um þétt samstarf ríkis og svf. við innleiðingu og breytingarferlið.

<https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-3014.pdf>

Félagsþjónustu- og fræðslumálanefndir sambandsins vilja hvetja sveitarfélög til þess að hefja undirbúning innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Slíkur undirbúningur getur falið í sér endurskoðun verkferla með aukinni áherslu á samhæfingu verklags þvert á svið. Leggja nefndirnar til að sambandið miðli upplýsingum frá sveitarfélögum sem þegar eru komin áleiðis í sambærilegri vinnu auk upplýsinga frá félagsmálaráðuneyti um framgang innleiðingar laganna.

2. Mótun nýrrar menntastefnu til 2030 - 2009080SA

Unnið er að mótun fyrstu aðgerðaáætlunar menntastefnu til 2030 í breiðu samráði hagsmunaaðila. Skólamálafulltrúi situr í stefnuhópi fyrir hönd sambandsins og greindi nefndinni frá stöðu mála og leitaði álits á forgangsröðun aðgerða en verkefnisstjóri innleiðingar hjá mrrn. óskaði eftir því að fá sendar hugmyndir hagsmunaaðila skriflega þar um.

Nefndin taldi vinnu við innleiðingaráætlun lofa góðu og traustvekjandi að sjá aðkomu sérfræðinga OECD í menntamálum að framkvæmd hennar. En til þess að

tryggja skilvirkni innleiðingar og fjármögnun þyrfti að eiga sér stað kynning og samtal um inntak hennar og aðgerðir við vettvang. Þá aðgerð þyrfti að setja í forgang og tryggja breitt eignarhald á menntastefnunni. Lagði nefndi jafnframt til að sérstakt teymi sérfræðinga í breytingastjórnun fylgdi eftir innleiðingunni og mikilvægt væri að menntastefnan tæki mið af stefnuskjölum og skýrslum sem unnin hafa verið í menntamálum sl. misseri. Lögð er rík áhersla á að jöfnun tækifæra fyrir alla nemendur óháð búsetu verði sett í forgrunn við innleiðingu ásamt vellíðan og heilbrigði.

Skólamálafulltrúa var falið að senda ábendingar fræðslumálanefndar til verkefnisstjóra menntastefnu að loknum fundi.

3. Tillögur vegna endurskoðunar byggðaáætlunar 2018-2024 - 2011055SA

Í endurskoðaðri byggðaáætlun er augin áhersla á skóla- og fræðslumál og nokkrar aðgerðir þar að lútandi. Greint var frá þeim helstu auk þeirra sem þegar er unnið að og styðja m.a. við áherslur í menntastefnu og "farsældarfrumvarpi". Fram kom að samstarf var á milli menntamálaráðuneytis, Menntamálastofnunar og sambandsins við mótun aðgerða.

Nefndarmenn sögðu ánægjulegt að sjá samhljóm milli aðgerða í byggðaáætlun við áherslur í menntastefnu og farsældarfrumvarp og á það m.a. við jafnt aðgengi að heildstæðri skólaþjónustu. Það myndi auka líkur á framgangi málsins. Auk þess væru í byggðaáætlun aðgerðir sem vel mætti endurspeglar í sóknaráætlunum landshluta.

4. Félag grunnskólakennara - ályktun - 2101060SA

Á fundi sínum 29. janúar sl. fól stjórn sambandsins fræðslumálanefnd að taka ályktun Félags grunnskólakennara til frekari umfjöllunar auk bókuar stjórnar sem fól í sér að sambandið tæki upp viðræður við ríkið um að heimila sveitarfélögum að taka að sér rekstur framhaldsskóla í tilraunaskyni m.a. í því skyni að auka samfellu og utanumhald með námi og skólaþjónustu barna og ungmenna til a.m.k. 18 ára aldurs sem stuðlar að bættri líðan.

Fræðslumálanefnd telur mikilvægt að afla málinu brautargengis og að hafist verði handa við að undirbúa slíkt tilraunaverkefni í samstarfi við menntamálaráðuneyti svo unnt verði að leggja mat á kosti og galla við slíka framkvæmd í þágu barna og ungmenna. Eitt leyfisbréf kennara þvert á skólastig ætti t.a.m. að virka hvetjandi í þessu skyni.

5. Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins - 2009059SA

Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins skilaði skýrslu til ráðherra 7. maí sl. Dregist hefur að skila kostnaðarmati en þegar það liggur fyrir verður skýrslan birt á vef ráðuneytisins. Næsta verkefni er að forgangsraða tillögnum og óskaði Klara E. Finnbogadóttir, fulltrúi sambandsins í starfshópnum, eftir ábendingum fræðslumálanefndar þar um. Fjölgun leikskólakennara þarf að vera í forgangi og í því samhengi spila raunfærnimat og fagháskólanám mikilvægt hlutverk. Þá eru tillögur um að taka upp á ný barngildisviðmið og skilgreina fermetrafjöldi pr. barn í húsnæði þýðingarmiklar en afar mikilvægt er að raunhæft kostnaðarmat fylgi þeim tillögum.

6. Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2021-2022 - 2012001NA

Klara E. Finnbogadóttir, starfsmaður Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, greindi frá úthlutun úr sjóðnum árið 2021 vegna verkefna sem koma eiga til framkvæmda skólaárið 2021-2022.

Alls bárust umsóknir um styrki til 209 verkefna frá 71 umsækjanda upp á tæplega 156 milljón króna. Ákveðið var að veita öllum verkefnum styrki og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 49.900.000. Ákveðið var að nýta ekki heimild 5. greinar í reglum um Endurmenntunarsjóð grunnskóla og því voru engin forgangsverkefni auglýst að þessu sinni. Margar umsóknir bárust um verkefni sem er ætlað að festa í sessi jákvæða hegðun, skapa góðan skólabrag og bæta líðan og félagsfærni nemenda. Einnig var töluvert sótt um verkefni sem er ætlað tryggja öryggi barna, forvarnir og viðbrögð við kynferðisofbeldi gegn börnum. Jafnframt var sótt um verkefni sem miða að því að auka færni kennara í teymiskennslu og fjölbreyttum og rafrænum kennsluháttum.

Bréf með niðurstöðu úthlutunar hafa verið send umsækjendum.

Fundi var slitið kl. 14:00

Einar Már Sigurðarson

Helgi Arnarson

Herdís Ásu Sæmundardóttir

Skúli Þór Helgason